

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. <i>020</i>	K/S <i>8-2-18</i>
Ábm. <i>[Signature]</i>	Svfr.
Afgr. <i>[Signature]</i>	( )Bréf ( )St.
Lvm.	Trm.



Umhverfis- og  
tæknisvið Uppsveita

Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Sími 480 5550  
www.utu.is

Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
b/t Kristófers Tómassonar  
Árnesi  
801 Selfoss

Laugarvatni, 1.02.2018  
Tilvísun: 1801041 HM

**Efni: Tvísteinabraut 2: Umsókn um byggingarleyfi: Iðnaðarhús - breyting**

Á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 31. janúar 2018 var fjallað um umsókn þína um byggingarleyfi. Umsóknin hlaut eftirfarandi afgreiðslu:

*Sótt er um leyfi til að byggja milliloft 38,2 fm*

*Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.*

*Gerður er fyrirvari um uppfærða eignaskiptayfirlýsingu.*

Til að byggingarleyfi sé gefið út þarf að skila inn gögnum í samræmi við meðfylgjandi leiðbeiningarblað.

**Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlega hafið samband við embættið í síma 480 5550.**

Virðingarfyllt,  
Umhverfis- og tæknisvið  
Uppsveita

*Hildur Magnúsdóttir*  
Hildur Magnúsdóttir  
byggingarfulltrúi  
ritari byggingarfulltrúa



Umhverfis- og  
tæknisvið Uppsveita

## Umsækjandi um byggingarleyfi í umdæmi Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs.

Vinsamlegast athugið að samþykkt byggingaráform falla úr gildi hafi byggingarleyfið ekki verið gefið út innan tveggja ára frá samþykki umsóknar. Umsækjandi þarf að greiða byggingarleyfisgjald og skila inn eftirfarandi gögnum til embættisins til að byggingarleyfið sé gefið út;

- a) Aðal- og sérupprættir (áritaðir af hönnuði/hönnunarstjóra) hefur verið skilað inn á pappír og byggingarfulltrúi hefur yfirfarið og áritað þá til staðfestingar á samþykki.
- b) Byggingarstjóri (sjá eyðublað EBL.210\*) og iðnmeistarar (sjá eyðublaðið EBL.211\*) hafa undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sín og afhent skrifstofu Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs.
- c) Byggingarstjóri hefur starfsábyrgðartryggingu í gildi fyrir þessari tilteknu framkvæmd og hefur skilað embættinu staðfestingu um að svo sé.
- d) Hönnunarstjóri hefur lagt fram yfirlit um innra eftirlit við framkvæmd hönnunar og yfirlit um ábyrgðasvið einstakra hönnuða og áritað það til staðfestingar á því að um tæmandi yfirlit sé að ræða. Yfirlitið skal afhent samtímis hönnunargögnum.
- e) Burðavirkis- og lagnateikningum hefur verið skilað inn á pappír, alla jafna í stærð A1 eða A2 í tvíriti og í hlutföllunum 1:50 og áritaðar af hönnuði og hönnunarstjóra .  
Byggingarfulltrúi og/eða fulltrúi hans hefur yfirfarið teikningarnar og áritað þær.  
Embættið heldur einu teiknisetti en umsækjandi fær hitt settið sem skal ávallt vera aðgengilegt á byggingarstað.

\*Hægt er að nálgast eyðublöðin sem skila þarf inn á heimasíðu Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., [www.utu.is](http://www.utu.is)

Byggingarreglugerðin er aðgengileg á síðu Mannvirkjastofnuninnar, [www.mvs.is](http://www.mvs.is)